

Hr. Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Vegmúla 3
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. september 2005.

Efni: Sjúkraflutningar.

Félagi Viðskiptaráðs Íslands hefur vakið athygli ráðsins á miður æskilegri framkvæmd á samningum um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu en málið heyrir undir ráðuneytið. Um árabíl hafa samningar verið gerðir við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) sem annast hefur rekstur og viðhald sjúkrabifreiða í eigu Rauða kross Íslands. Gengið hefur verið til samninga um þessa þjónustu án útboðs og án viðræðna við aðra mögulega veitendur þjónustunnar.

Viðskiptaráð Íslands hefur ætíð lagt á það áherslu að hið opinbera nýti sér kosti einkaframtaksins þar sem því verður við komið. Nú er óumdeilt að fleiri en SHS hafa til þess burði að bjóða þá þjónustu sem sjúkraflutningar fela í sér.

Samkvæmt upplýsingum sem Viðskiptaráð hefur aflað sér verða samningar um sjúkraflutninga brátt endurskoðaðir og endurnýjaðir. Viðskiptaráð leggur á það áherslu að ráðuneytið leiti allra leiða til þess að tryggja að einkaaðilar eigi möguleika á að kynna sína þjónustu á þessu sviði og taka þátt í samningaviðræðunum. Í því sambandi vill Viðskiptaráð sérstaklega minna á *Innkaupastefnu ríkisins* sem ríkisstjórnin samþykkti árið 2002 en þar segir nefnilega um útboð á rekstrarþáttum:

Eðlileg krafa til ríkisstofnana er að skoðað sé með reglulegum og skipulegum hætti hvort verkefni séu leyst með hagkvæmari hætti innan stofnunar en með því að kaupa þjónustuna á almennum markaði. Ákveðið aðhald felst í því að einkaaðilar geti beint fyrirspurnum til stofnana um rekstur einstakra þátta sem stofnanir verði að bregðast við.

Í tengslum við mótun innkaupastefnu munu ráðuneyti fara yfir með viðkomandi stofnunum þá þætti sem mögulegt er að bjóða út og tilgreina markmið og tímasetningar í því sambandi.

Viðskiptaráð telur mikilvægt að samningar um sjúkraflutninga verði framvegis gerðir að undangengnu útboði í samræmi við lög um opinber innkaup frá árinu 2001. Hvað sjúkraflutninga varðar standa engin rök til þess, að mati ráðsins, að hið opinbera víki sér undan þeirri almennu reglu um útboð sem lögin boða.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Þór Sigfússon framkvæmdastjóri.